

Pési



Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Bókasafnið
- Jólastermning

Næsti Pési kemur út 12. des 2013

Athugið!!

Efni í Pésann-verður að berast í allra síðasta lagi 9. des

Efni í þessu blaði:

Förystugrein	2
Sálmurinn um ketið.	4
Fólaldasýning	7
Ferðapjónustan	8
Eyvindur	12
Sauðfjárræktin	14/16
Smárafréttir	18

Nóv 2013

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

<http://www.facebook.com/pages/Hrunamannahreppur/305727359440557?ref=ts&fref=ts>
Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

23. árgangur. 276. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Hjónaball – Hjónaball – Hjónaball- Hjónaball



**Hið árlega
hjónaball verður
haldið
laugardaginn
1. Mars 2014.
Takið daginn frá.
Nefndin.**




Sveitarstjórapistill

Nú er nóvembermánuður runninn upp og vetur formlega tekinn við. Reyndin er sú að veturinn hefur á þessum slóðum vart staðið undir nafni og ekki víst að margir gráti það. Þurrviðrið í október hefur bjargað ýmsu þannig að flest uppskera er víst komin í hús þó magnið sé eflaust misjafnt. Októbermánuður hefur verið annasamur í stjórnsýslunni og er reyndar kallaður fundarmánuðurinn mikli. Það stafar m.a. út af því að ýmsu þarf að ljúka áður en sveitarfélögin leggja fram sínar fjárhagsáætlanir. Á síðustu vikum má því nefna fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna, fund Héraðsnefndar Árnesinga, SASS þing, fund með þingmönnum Suðurkjördæmis og annan með fjárlaganefnd Alþingsins.

Mesta vinnan fer þó í að púsla saman fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 en samhliða er unnin fjárhagsáætlun fyrir árin 2015-2017. Sem betur fer þá eru sveitarfélög alltaf að leggja meiri áherslu á vandaða fjárhagsáætlanagerð og eflaust hafa nýjar fjármálaegglur fyrir sveitarfélögin flýtt fyrir þeirri þróun. Fjárhagsáætlunarvinnan hefur gengið vel og kann ég starfsfólki skrifstofunnar, forstöðumönnum stofnanna og nefndum þakkir fyrir góða vinnu. Búið er að leggja áætlunina fram til fyrstu umræðu í sveitarstjórn og nú tekur við smá vinna við að finnstilla fjárhagsáætlunina sem lögð er fram til seinni umræðu í byrjun desember. Sem betur fer er mikil samstaða í sveitarstjórn um þessa vinnu sem skiptir gríðarlegu máli og gerir allt miklu auðveldara og skemmtilegra.

Við fyrstu sýn virðist fjárhagsstaðan vera þökkaleg, skatttekjur eru að aukast en á móti minnkar framlag frá jöfnunarsjóði. Skuldastaðan er að lagast og það gefur okkur vonandi möguleika á að ráðast í meiri fjárfestingar á næstu árum. Reynt er að halda gjaldskrárhækkunum í hófi, sumt hækkar en á móti er reynt að lækka aðra þætti eins og t.d. kalda vatnið. Hins vegar ef á að ná því markmiði að sveitarfélagið geti verið í töluverðum viðhaldsverkefnum og minniháttar fjárfestingum án nýrrar lántöku þá verða tekjur að koma á móti. Það er því t.d. áætlað að haldið verði áfram með utanhúsviðhald á Flúðaskóla og Vesturbrún 2-8, töluverðum fjármunum veitt til viðhalds á Félagsheimili og gatnagerð kláruð í Hofatúnunum, allt án þess að gera ráð fyrir að við tökum ný lán vegna þess.

Stóra pælingin á milli umræðna um fjárhagsáætlun er sú hvort við förum í að stækka íþróttahúsið í fulla stærð ásamt því að byggja áhaldageymslu en mikill áhugi er í sveitarstjórn að skoða þetta alvarlega. Nú er verið að kostnaðargreina verkið til að auðvelda ákvörðunartökuna en ljóst er að í þetta verk verður ekki farið án þess að tekin verði ný lán enda ekki óeðlilegt. Í þessari kostnaðarmatsvinnu er m.a. verið að nota sameiginlegt Tæknisvið Uppsveita en það stendur til að halda áfram að vinna með Grímsnes- og Grafningshreppi og Bláskógabyggð um það verkefni sem við teljum gott mál.



Annað verkefni sem verið er að púsla saman eru viðbrögð við þeirri staðreynd að Skólaskrifstofa Suðurlands verður lögð niður um áramótin og því sérfræðipjónusta við skólana í uppnámi. Nú stendur til að stofnuð verði sameiginleg skóla- og félagmálaþjónusta Árneshöfnar utan Árborgar þannig að skólaþjónustan verði samtvinnuð félagsþjónustunni. Samvinnan um félagsþjónustuna hefur gengið afar vel og þetta virðist vera mjög skynsamleg lausn og vonandi ákveðin tækifæri í leiðinni að samnýta ákveðna þætti. Hins vegar sjáum við eftir Skólaskrifstofu Suðurlands en mikil ánægja hefur verið með hennar störf.

Það var gaman að mæta á 30 ára afmæli Félags eldri Hrunamanna um daginn en mikil og góð vinna fer fram innan þess félagssskapar. Starfssemin í Heimalandinu er grunnpunkturinn í þeirri starfssemi og mikill fjöldi sem nýtir sér þá þjónustu. Það verður því gaman hvað kemur út úr nemaverkefninu sem hann Guðmundur Ósvaldsson í arkitektastofunni Batteríinu færði okkur en hann útvegaði okkur nemaverkefni um hönnun íbúða á Heimalandsreitnum. Vonandi kemur eitthvað gott út úr þessu og hægt verði að byggja upp íbúðir fyrir eldri borgara á þessum stað.

Það er gaman að sjá hvernig vinnan við Skrúðgarðinn á Flúðum er að þróast og ég hvet alla til að röltu um Ungmennafélagsgarðinn í skammdeginu og skoða lýsinguna í stuðlaberginu. Það er ómetanlegt framlagið sem Skógræktarfélagið hefur lagt fram í minningu Laufeyjar frá Ásatúni í verkefnið og hefur gert okkur keift að þoka þessari vinnu verulega áfram. Áfram skal haldið og næsta ár er stefnt að því að klára skiltamálin og reyna að byggja „skógarhús“ sem myndi vera notað sem „grillhús“ og útikennslustofa. Húsið yrði trúlega í anda skýlisins sem Skógræktin er með upp í Þjórsárdal. Sveitarfélagið fékk úthlutað styrk frá Eignarhaldsfélaginu Brunabót til að fara að útbúa skilti í Skrúðgarðinum og þá er búið að sækja um styrki í Framkvæmdasjóð ferðamála. Hins vegar væri vel þegið ef einhverjir einstaklingar eða fyrirtæki væru aflögufær um fjármagn og vildu leggja þessu verkefni lið sitt.

Nú hefur blátunnan verið hirt í annað skipti og vel virðist hafa tekist til við þetta verkefni og nú er að auki búið að koma að hluta til blátunnukörum við grenndarsvæði við sumarhúsbyggðir. Það verður því spennandi að fylgjast með hvort magn heimilissorps við sorpeyðinguna minnkar ekki verulega. Síðan verður núna fyrir áramót reynt að koma út grátunnum til þeirra sem ekki hafa haft þá þjónustu því frá og með næstu áramótum eiga öll heimili í sveitarfélaginu að hafa bæði grá- og blátunnu.

Að lokum er það ánægjuefni að byrjað er að grafa fyrir grunni að nýju parhúsi á Flúðum og er það Hús og Stigar ehf sem ætla að reisa þar byggingu sem byggð er á lausnum sem Guðmundur Magnússon hefur verið að þróa með Límtré-Virnet ehf. Það er alltaf virðingarvert þegar menn á „besta aldri“ halda áfram uppbyggingu en setjast ekki í helgan stein.

Megi komandi vetur vera okkur öllum góður.

Jón G. Valgeirsson

Eftirfarandi ljóð barst okkur á dögnum og þykir vel við hæfi að birta það í nóvember Pésanum :)


Reykjavissálmur.

Upp, upp mín leri og allt mitt
upp mína sperðla á ná ég ^{hest} set.
Slappa og lungur hef ég ^{set} ló.
hulmitið ljót ég reyfliga vil.

Hefur mín eldabonan hest
homið í rullapylsum hver
huppum sínum og hengt á ná
hanga mín eislnapör þar bjá.

Lofst uppi í stjórnum reyflist
röðlari hulið í miðu sist, ^{hest}
lystug með huppum lafa þar
leri naqanna komunnar.

Hálfdán Björnsson.



Fjallaraf

sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi

Hrunamannahreppi

845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is



LAGNA
POSTULINN

Viðar Magnússon Pípulagningameistari

Kringlumýri 1 800 Selfoss

Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

Íbúð til leigu!

Til leigu er 75fm íbúð á Flúðum

Upplýsingar í síma: 895 6705 Helga Melum



ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18

LAUGARDAGA 11-14

Kveðjur til samfélagsins frá þakklátum dönskukennara.

Þar sem ég er hætt störfum við Flúðaskóla og um þessar mundir að ljúka síðasta samstarfsverkefniinu við Danina langar mig að senda kærar kveðjur til samfélagsins alls með þökk fyrir frábæra samvinnu í danska samstarfinu sem ég hef haldið utan um síðan 2001.

Sveitarstjórn og starfsmenn skrifstofu hafa ávallt verið tilbúin til að hjálpa til og aðstoða ef þurft hefur á að halda. Einnig hefur það verið alls virði að hinir dönsku gestir hafa fengið frítt afnot af sundlauginni á Flúðum þann tíma sem þau hafa dvalið hér. Einnig hafa þau gist í Félagsheimili Hrunamanna sér að kostnaðarlausu og fengið að athafna sig þar um allt hús. Þar hefur húsvörður komið afar sterkur inn, fyrst Guðmundur Karl og seinna meir Stefán. Það er ómetanlegt að hafa slíkum starfsmönnum á að skipa. Þakka ég kærlega fyrir öll þeirra liðlegheit í gegnum árin.

Í þessu síðasta verkefni sem ég vann með nemendum, „De unges viden redder liv“, vorum við í frábæru samstarfi við Björgunarfélagið Eyvind og unglíngadeildina Vind en þau tóku á móti okkur í húsi Björgunarfélagsins og voru jafnframt með okkur part úr degi uppi í Kvenfélagsskógi þar sem þau kenndu og sýndu hin ýmsu handbrögð sem félagar í björgunarfélögum þurfa að kunna. Þar var Halldóra Hjörleifsdóttir í broddi fylkingar og fékk til liðs við sig Else Nielsen og nokkra aðra félaga. Kærar þakkir, enn og aftur.

Margir aðilar hafa tekið á móti okkar dönsku gestum í gegnum tíðina en ég held að á engan sé hallað þegar ég þakka fjölskyldunni í Hvammi alveg sérstaklega fyrir liðlegheit og samvinnu en við höfum mjög oft fengið að skoða okkur um á hverasvæðinu í Hvammi og oft fengið leiðsögn þeirra um svæðið. Eins hefur fjölskyldan að Kaffi – Seli verið okkur afskaplega liðleg alla tíð og tekið á móti okkur eða borið í ykkur pizzur. Nú síðast voru þau alveg einstaklega liðleg og snögg að verða við séróskum dönsku gestanna. Hafid þakkir fyrir það, kærlega.

Að lokum vil ég ítreka þakkir mínar til samfélagsins alls sem hefur tekið vel á móti nemendum Flúðaskóla í fjáröflunum sínum og jafnframt lagt hönd á plóg við hvaðeina sem beðið hefur verið um. Þar á ég sérstaklega við alla þá foreldra/forráðamenn sem hafa verið afskaplega hjálpleg og jákvæð í allri þessari vinnu.

Samstarfsfólki mínu í Flúðaskóla þakka ég kærlega fyrir að vera tilbúin að hliðra til hvort heldur þegar 10. bekkur hefur verið í burtu eða þegar dönsku gestirnir hafa komið í heimsókn.

Ég óska Flúðaskóla og dönsku samstarfi alls hins besta í framtíðinni.

Anna Kr. Ásmundsdóttir.

Úrslit af Folaldasýningu Hrossaræktarfélags Hrunamanna

Folaldasýning Hrossaræktarfélags Hrunamanna fór fram í Reiðhöllinni á Flúðum sunnudaginn

3.nóvember s.l. Þátttaka var með minna móti en áhorfendur aftur á móti óvenju margir og góð stemming í höllinni. Dómarar voru Gunnar Arnarsson og Kristbjörg Eyvindsdóttir í Auðsholtshjáleigu og lýstu þau hverju folaldi fyrir sig og tíunduðu kosti og galla.

Úrslit voru sem hér segir:

Hestfolöld:

Þór frá Langholtskoti, rauður

F: Vökull frá Síðu M: Þruma frá Langholtskoti

Eigendur: Systurnar Laufey, Valdís og Katrín í Langholtskoti



Hnjúkur frá Hrepphólum, jarpur

F: Haukur frá Haukholtum M: Glenna frá Hrepphólum

Eigandi: Björgvin Ólafsson Hrepphólum

Mónitor frá Miðfelli, móálóttur

F: Stáli frá Kjarri M: Aldvaka frá Miðfelli

Eigandi: Magnús Gunnlaugsson Miðfelli

Merfolöld:

Auðbjörg frá Skollagróf, rauð

F: Arion frá Eystra-Fróðholti M: Auðna frá Skollagróf

Eigendur: Fjóra Helgadóttir og Sigurður H. Jónsson Skollagróf

Hátíð frá Langholtskoti, brún

F: Vökull frá Síðu M: Drottning frá Langholtskoti

Eigandi: Páll Magnús Unnsteinsson Langholtskoti

Dögun frá Hrepphólum, rauðblesótt

F: Tvistur frá Hrepphólum M: Yrja frá Hrepphólum

Eigandi: Hulda Hrönn Stefánsdóttir Hrepphólum

Áhorfendur kusu svo glæsilegasta folaldið og var það **Auðbjörg frá Skollagróf** sem vann með þónokkrum yfirburðum.

Opið hús hjá Félagi eldri Hrunamanna !

Miðvikudaginn 20. nóvember verður "opið hús" í

Félagsheimilinu klukkan 14.00

Hittumst kát og hress að vanda

Kveðja,

stjórnin

Nú eru nýju jólabækurnar byrjaðar að streyma á bókasafnið ☺ Eins og undanfarin ár eru nýjustu bækurnar á skammtímaláni, það er á **14 daga láni**. Ekki verður hægt að panta bækur sem merktar eru skammtímaláni. Flestir gera sér ljóst að margir hafa áhuga á að lesa nýju bækurnar eru því fljótir að skila þeim. Því er um að gera að kíkjia við á bókasafninu og athuga hvað bíður nýtt og spennandi í hillunum ☺ Lánstími eldri bóka og tímarita er 4 vikur.

Á bókasafninu færðu líka Vikuna, Mannlíf, Gestgjafann, Hús og Híbýli, Disney Sýrpu og fleira skemmtilegt lesefni. Lánstími á nýjustu tímaritunum er **1 vika**.

Opið:

Mánudaga	Kl. 20-21
Þriðjudaga	Kl. 16-18
Miðvikudaga	Kl. 16-18
Fimmtudaga	Kl. 16-18



Vinsamlegast athugið að bókasafnið verður lokað mánudagskvöldið 25. nóvember.

Lánstími safnefnis er **30 dagar**, nema annars sé getið.

Inn á slóðunum <http://leitir.is> og www.gegnir.is, nánar tiltekið inná „*Mínum síðum*“ er hægt að sjá skiladag, framlengja lánum og fleira.

Og svo er **alltaf** hægt að skila safngögnum í gegnum skilalúguna.

Verið velkomin á bókasafnið ☺

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: **480 6628** (Ath. Nýtt símanúmer)

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími hreppsskrifstofu.

Mánudaga til föstudaga:

09:00-12:00 og 13:00-16:00

Skálholtsfélagið stóð fyrir málþinginu *Skálholt – hvað ætlar þú að verða?* laugard. 19. okt. sl. <http://skalholt.is/?p=4383>

Málþingið var haldið til að ræða framtíð Skálholts í víðu samhengi minjaverndar, ferðaþjónustu og skipulags. Í umræðunni varð hugmyndin um mögulega byggingu miðaldakirkju/tilgátuhúss nokkuð áberandi og sýndist sitt hverjum; hvort húsið ætti rétt á sér og einnig hugsanleg staðsetning þess.

Um 80 manns sóttu þingið. Þar komu fram mjög mikilvægar upplýsingar fagaðila bæði um fornleifavernd og ferðaþjónustu, svo sem að ekki sé hægt að fara í byggingaframkvæmdir tilgátuhúss nema að undangenginni forleifaskráningu, sem jafnframt er forsenda frekari skipulagsvinnu. Sú vinna er öll eftir.

Framsöguerindi eru nú aðgengilleg á www.skalholt.is/skahloltsfelagid en matslýsing deiliskipulags Skálholtsjarðarinnar er að finna á http://kort2.granni.is/granni/mal_skjol1/12089-Skahlolt-dsk-skip-matslysing-2013%2007%20051.pdf og hægt að senda athugasemdir til skipulagsfulltrúa á petur@sudurland.is fram til 30. október.

Skálholtsfélagið mun vinna áfram með þær hugmyndir og ábendingar sem fram komu á málþinginu.

Fótaaðgerð.

Verð í Heimalandi laugardaginn 7. desember 2013

Athugið!! gjafakort til sölu.

Tímabantanir í síma: 863 0433

Sólveig Jóhannsdóttir



Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN

fontana

Hölsuind frá landnámi

Sýning á GIANT - liðléttingum

Föstudaginn 22. nóvember verðum við með kynningu á Giant liðléttingum í húsakynnum okkar í Gunnbjarnarholti

Kl. 14 - 17



“Lið” - léttar veitingar



Nóvembertilboð á Josera Supramil T kálfamjólkurdufti

Pú kaupir 10 poka af Supramil T kálfadufti og færð ellefta pokann frían

Verð pr/liter kálfamjólkur aðeins
kr. 34,- án/vsk*



*Verð miðast við 130 gr. í 1 liter af vatni og er án vsk.

SUEVIA Brynningaskálar - Vatnskör



Hitapraeðir

Hitapraeðir með innbyggðum hitanema
Kveikir á sér við +3°C slekkur
á sér þegar hitastigið fer í
+10°C
Fæsti ýmsum lengdum.

Josera kattafóður



Josera kattafóður nú fánlegt
í 10 kg. pokum.
Hagstæðar pakkningar



Gunnbjarnarholli,
801 Selfoss
Sími 480 5800
landstolpi.is

2013-2014

September

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30					

Október

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

Nóvember

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30

Grátunna

Desember

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

Janúar

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

Febrúar

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	

Mars

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

Apríl

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

Mai

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

Sorphirðudagar með fyrirvara vegna veðurs og annarra ástæðna

Jólastemming í Sneiðinni

Laugardaginn 14. desember ætlað Björgunarfélagið Eyvindur að vera með jólamarkað og jólatrésölu frá kl 13-16 í húsi félagsins í Sneiðinni á Flúðum.

Þeir sem hafa áhuga á að panta söluborð vinsamlegast hafið samband við Else í síma 690-6024 eða á netfangið else@internet.is borðaleiga kostar 1000 kr.

Þau fyrirtæki sem hafa áhuga á að hafa opið og auglýsa með okkur, vinsamlegast sendið upplýsingar um það til Halldóru á fossari@simnet.is

Með jólakveðju Björgunarfélagið Eyvindur.



Hreppamaðurinn.

Hreppamaður heitir blað
hendingar og ræður.

Kæri vinir kaupið það
konur, menn og bræður.

Öll 12 rit Bjarna Guðmundssonar frá Hörgsholti fást í Þverspyrnu á 4000 kr.
öll ritin. Tilvalið í jólapakkann. Allur ágóði fer til líknarmála.

Verið velkomin, Guðrún í Þverspyrnu.

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Opnunartími .

Mánudaga til föstudaga	09:30-18:00
Laugardaga	10:00-18:00
Sunnudaga	11:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga:	17:00-21:00
Laugardaga:	12:00-18:00
Sunnudaga:	12:00-18:00



Tækjasalur í íþróttahúsi.

Mánudaga til fimmtudaga kl: 16:00-21:30.

Föstudaga kl: 13:00-18:00

Um helgar er opið á laugardögum frá kl:12:00-15:00,
þegar mót eru í gangi.

VIOLA snyrtistofa

Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –

Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímamantanir í Síma 856-1599



Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **480 5300**

Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

Flutningaþjónusta Unnars



Vöndull
FLUTNINGAÞJÓNUSTA
Sími 856 1580
vondull@simnet.is



Ferðir alla virka daga milli
Reykjavíkur, Hveragerðis,
Þorlákshafnar, Eyrarbakka,
Stykkseyrar, Selfoss,
Hellu, Hvolsvallar og
DREIFBÝLIS Í ÁRNESSÝSLU

Nesfrakt

Héðinsgötu 1-3 - Rvk.
Sími 533 2211

SKEMMTIDAGUR SAUÐKINDARINNAR

Fjárræktarfélag Gnúpverja blæs til fjáröflunar fyrir félagið, svo hægt sé að hafa fleiri skemmtilegar upptakomur tengdar blessaðri sauðkindinni. Komum saman Sandlækjarkoti í fjölnota húsinu hans Didda, laugardaginn 23 nóv kl. 13.00 eh. Syngjum, fræðumst, leikum okkur saman og segjum sögur. Jafnvel von á einhverjum leyndum atriðum þegar fjör færast í leikinn. Kjötsúpa, kleinur og kaffi verða seld á staðnum. (ath enginn posi .) Óskað er eftir fallegum og skrautlegum kindum til að gleðja auga gesta, krakkar og fullorðnir, kikið í fjárhúsin ykkar, og endilega skrá féð inn í síðasta lagi 20 nóv. (vegna stíufjölda) til Þóru í Haga s. 847-2930 thora29@gmail.com og Sigrún í Fossnesi s. 486-6079 fossnes@uppsveitir.is Allskonar keppnir í gangi og verðlaun í boði. Allir velkomnir því maður er manns gaman. Stjórn Fjárræktarfélags Gnúpverja.



í

Aukastarfsmann vantar í Félagsmiðstöðina Zero!

Félagsmiðstöðin leitar að hæfum einstaklingi í hlutavinnu á Opnu húsi á fimmtudögum (19:00-22:00), í smiðjur og ferðir. Skilyrði er að einstaklingurinn hafi náð 18 ára aldri og hafi gaman af að vinna með unglingum.

Endilega hafið samband við forstöðumann í síma 7740015



Lyklar að áhrifamiklu markaðsstarfi

SASS – Samtök sunnlenskra sveitarfélaga bjóða upp á markaðsnámskeiðið „Lyklar að áhrifamiklu markaðsstarfi“ með Þórunnu K. Jónsdóttur. *Á námskeiðinu er farið yfir mikilvægi skýrrar stefnu í markaðsmálunum, skoðað hverra er best að selja til, hvernig best er að aðgreina sig frá samkeppninni, hugtakið brand, eða ímyndarstjórnun, útskýrt og hvernig sú aðferðafræði getur eflt markaðsstarfið til muna. Þátttakendur fá lista með helstu markaðsaðgerðum sem nýtast minni fyrirtækjum og farið verður yfir hvað þessar aðgerðir fela í sér.*

Námskeiðið tekur 4 klst.

Skráning fer fram á www.fraedslunet.is eða í síma 560 2030.

Kennari: Þórunna Kristín Jónsdóttir

Lágmarkspáttaka: 6 manns

Þriðjudagurinn 19. nóvember – Félagsheimilið á Flúðum kl.16-20

Námskeiðsgjald aðeins 1.500 kr. (SASS greiðir niður námskeið, verð er 15.900 kr.)



Frá Vörðukórnum.

Um síðustu mánaðamót fór Vörðukórinn í söngferð til Berlínarborgar. Ferðin tókst í alla staði mjög vel og fékk kórinn fina aðsókn og góðar viðtökur á þrennum tónleikum í Berlín og nærsveitum. Kórinn flutti eingöngu íslenska tónlist, bæði nýja og þekktu í fjölbreyttri dagskrá. Þar sem kórinn er enn heitur og kórfélagar stoltir af framlagi sínu hefur verið ákveðið að flytja dagskrá Berlínarferðarinnar á heimavelli kórsins á tónleikum

Í Félagsheimilinu á Flúðum föstudaginn 29. nóvember kl. 20:30.



Nánar auglýst síðar.

Með söngkveðju
Stjórn Vörðukórsins

Sauðfjarræktarfélag Hrunamanna hélt hrútasýningu þann 26. október síðastliðinn og var mjög góða þátttaka og fjöldi gesta sem komu og skoðuð úrvalshrúta, skrautlegar gimbrar og sauði. Fólk fékk að þukla verðlaunahrútana og beðið var með eftirvæntingu eftir að tvær gimbrar skitu í rollubingóinu. Vegleg verðlaun voru í boði fyrir fyrstu þrjú sætin í hverjum flokki en eftirtalin fyrirtæki gáfu öll verðlaunin: Sláturfélag Suðurlands, Jötunvélar, Landstólpi, Lífland og Kemi. Einnig voru veitt farandverðlaun í fyrstu sætin. Hér eru niðurstöðurnar en ráðunautarnir Fanney Ólög og Friðrik dæmdu. Þökkum öllum fyrir þátttökuna og komuna og sjáumst að ári.

Hvítir lambhrútar

sæti	Lambhrútur nr. 71	frá Syðra-Langholti 3
sæti	Lambhrútur nr. 111	frá Miðfelli IIa
sæti	Lambhrútur nr. 63	frá Skipholti 3

Mislitir lambhrútar:

sæti	Lambhrútur nr. 19	frá Skipholti 3
sæti	Lambhrútur nr. 63	frá Bjargi
sæti	Lambhrútur nr. 504	frá Skipholti 3

Skrautlegar gimbrar

1. frá Þverspyrnu flekkótt
2. frá Sólheimum arnhöfðótt botnótt
3. frá Syðra-Langholti hölsótt.



NUDD

Ertu með stífa og þreytta vöðva?
Bíð upp á vöðvaslakandi nudd
í Íþróttahúsinu í Reykholti.
Tímarpantanir í síma: 892-5991
Íris
(best að hringja eftir 3.)

ÁMINNING!!!!

Þar sem nú styttist í jólin með öllu sínu pakkaflóði,
er minnt á að **jólappír má alls ekki fara í
blátunnuna**, heldur í grátunnuna.....



Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps

Freyjusjóður – umsóknir

Auglýst er eftir umsóknum í **Freyjusjóð frá 15. nóvember til 15. desember**. Sjá nánar um lög Freyjusjóðs á www.fludir.is undir tenglinum *mannlíf*. Þar eru upplýsingar um sjóðinn og umsóknareyðublöð. Jafnframt er hægt að leita upplýsinga hjá formanni félagsins á netfanginu annakrasm@gmail.com
Stjórn sjóðsins skipa Anna Ásmundsdóttir, Sigrún Einarsdóttir og Guðbjörg Runólfsdóttir.



Flúðaleið ehf

Landflutningar
SAMSKIP

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju

Starfsfólk Flúðaleiðar



Smárafréttir

NÓVEMBER 2013



ÁRSHÁTÍÐ SMÁRA, LOGA OG TRAUSTA var haldin á Flúðum 19 október. Tókst hátíðin í alla staði frábærlega, góður matur hjá Bjarna á Blesastöðum og co, Örn Árnason fór á kostum sem veislustjóri og Stuðlabandið hélt uppi góðu balli fram eftir nóttu. Gunnar Jónsson Skeiðháholti var formaður árs hátíðarnefndar fyrir hönd Smára og á nefndin og aðstoðarfólk hennar stórt hrós skilið fyrir frábæra vinnu og góða skemmtun.

SÝNIKENNSLA Í REIÐHÖLLINI Á FLUÐUM

FIMMTUDAGSKVÖLDIÐ
28 NÓVEMBER KL. 20.00

ÆTLAR HINN LANDSKUNNI
KNAPI **JAKOB SVAVAR
SIGURÐSSON** AÐ FRÆÐA
OKKUR UM UPPBYGGINGU
KEPPNIS OG REIÐHESTA
MEÐ SÉRSTAKA ÁHERSLU Á
TÖLT. JAKOB ÞARF VART AÐ
KYNNA EN HANN HEFUR
NÁÐ FRÁBÆRUM ÁRANGRI Í
ÞJÁLFUN OG SÝNINGU
KYNBÓTAHROSSA OG VERIÐ



ÁBERANDI Á KEPPNISVELLINUM UNÐANFARIN ÁR OG HVETJUM VIÐ YKKUR
EINDREGIÐ AÐ MISSA EKKI AF FRÆÐANDI OG SKEMMTILEGRI KVÖLDSTUND.

ALLIR VELKOMNIR AÐGANGSEYRIR 1000.- ATH. EKKI POSI

HAUSTFUNDUR Smára var haldinn í byrjun október. Æskuljóðsnefndin kynnti sitt starf sem er fjölbreytt og þar má finna eitthvað fyrir alla. T.d. Brakk og Skokk sem kynnt var sérstaklega á fundinum. Myndir frá keppninni og video má finna inn á facebook og einnig á youtube með því að leita að BROKK OG SKOKK eða slá inn eftirfarandi slóð <http://www.youtube.com/watch?v=0F8Y1jWfMQs>



Mótanefnd sagði frá sínu starfi og kynnti einnig nokkrar breytingar á fyrirkomulagi vetrarmóta sem verður bryddað upp á í vetur. Þessar breytingar verða kynntar betur þegar endanleg útfærsla liggur fyrir. Málafnalegar og góðar umræður voru á fundinum og ljóst er að margt er framundan í vetur.

HELSTU VIÐBURÐIR VETRARINS

28 NÓVEMBER	SÝNIKENNSLA – JAKOB SVAVAR
JANÚAR	ADALFUNDUR
8 FEBRÚAR	ÚRTAKA FYRIR UPPSVEITAEILD
15 FEBRÚAR	1 VETRARMÓT
21 FEBRÚAR	FJÓRGANGUR UPPSVEITAEILD
8 MARS	UPPSVEITAEILD ÆSKUNNAR
15 MARS	2 VETRARMÓT
28 MARS	FIMMGANGUR UPPSVEITAEILD
5 APRÍL	3 VETRARMÓT
16 APRÍL	SAMEIGINLEGT TÖLTMÓT SMÁRA, LOGA OG TRAUSTA
19 APRÍL	UPPSVEITAEILD ÆSKUNNAR
25 APRÍL	TÖLT OG SKEID UPPSVEITAEILD
1 MAÍ	FIRMAKEPPNI
4 MAÍ	UPPSVEITAEILD ÆSKUNNAR

Inn í þetta mun bætast smám saman tímasetningar á reiðnámskeiðum, fyrir börn og fullorðna sem og aðrir viðburðir sem ákveðnir verða svo fylgist vel með og hvetjum við alla til að skipuleggja sig tímalega og taka þátt í viðburðum hestamannafélagsins.

Til að hafa starf félagsins sem virkast og fjölbreyttast þurfa félagsmenn að hjálpa að og sem flestir að leggja sitt af mörkum. Nú þegar skipulagning vetrarstarfs er að hefjast hvetjum við þá sem hafa áhuga á að starfa í nefndum, stjórn eða vilja koma hugmyndum sínum á framfæri að hafa samband við okkur í stjórninni eða senda póst á smari@smari.is

Með von um ánægjulegt samstarf og samvenu í fjölbreyttum og skemmtilegum viðburðum vetrarins.

STJÓRNIN

Kæru sveitungar,

Bragginn – leir og kaffi verður í jólaskapi um aðventuna. Opið verður um aðventuhelgarnar og er tilvalið að líta við, taka sér smá frí frá jólaösinni, kíkja á fallegar jólagjafir á leirvinnustofunni og slaka á með góðmeti í Bragganum - Jólabröns, jólabakki, heitt súkkulaði, kaffi, Írskt kaffi, jólaglögg og fleira verður á boðstólum ásamt ljúfum jólatónum.

Opnunartími um aðventuna:



30. nóvember - 1. desember er á opið á laugardag og sunnudag frá 13:00 - 18:00

7-9. desember er á opið á laugardag og sunnudag 13:00 - 18:00



14-15. desember er opið á laugardag frá 11:00 - 21:00, sunnudag frá 11:00 - 18:00. Jólabröns, byggður á hráefni úr nágrenninu, verður á matseðilnum þessa helgi frá 11:00 - 14:00. Þegar líður á kvöldið mun verða ljúft að líta við og ylja sér á jólaglöggi og smakka á einum írskum eftir dagott

haustfrí.

21-22. desember er opið á laugardag frá 13:00 - 21:00, sunnudag frá 13:00 - 18:00. Á laugardagskvöld er opið og verður vel tekið á mótí gestum sem vilja slaka á fjarri jólaösinni á síðustu metrunum fyrir jól.



Hlökkum til að sjá ykkur sem flest.

Fylgist betur með á facebook síðunni okkar: www.facebook.com/bragginn

Kæru sveitungar

Nemendur 9. bekkjar við Flúðaskóla stefna á Danmerkurferð að ári.

Við munum líkt og undanfarin ár standa að fjáröflun til að standa straum af kostnaði við ferðina okkar. Einn liður hennar er flösku/dósasöfnun. Við komum til með að banka uppá hjá ykkar öðru hverju í vetur.

Hlökkum til að hitta ykkur.

Kveðjur frá nemendum í 9. bekk



Sveitarstjórar og oddvitar ofl af Suðurlandi í skoðunarferð um slóðir Norðlingaölduveitu



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Grænna land ehf.

Öll þjónusta fyrir garðinn á einum stað:

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Trjáplöntusala

Þökulagnir



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufraeðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is

Íslenskt límtré í 30 ár

Mörgum þótti djarflega teflt þegar hugmyndir komu upp um að hefja framleiðslu á límtré á Íslandi. En framsýnir frumkvöðlar, með Guðmund Magnússon trésmið í broddi fylkingar, létu ekkert stöðva sig. Tildrögin voru að atvinnuástand sveitanna var orðið bagalegt á þessum tíma. Eigendur Límtré voru í upphafi að helmingi hreppsfélög fjögurra hreppa: Skeiða-, Gnúpverja-, Hrunamanna- og Biskupstungnahrepps en Tungnamenn komu síðar inn í félagið. Hinn helmingurinn var svo í eigu á þriðja hundrað einstaklinga sem langflestir voru búsettir í uppsveitunum fjórum. Lætur nærri að hlutabréf hafi mátt þar finna á hverju heimili. Við staðarval komu þrír staðir helst til greina: Laugarás í Biskupstungum, Brautarholt í Skeiða og Gnúpverjahreppi og Flúðir í Hrunamannahreppi. Allir staðirnir voru með nægan jarðhita sem nota átti til þurrkunar á viðnum. Niðurstöður óháðrar nefndar réðu því hins vegar að Flúðir urðu fyrir valinu.

Hinn 18. júní 1983 hófst svo framleiðsla á límtré í nýrri verksmiðju sem reist var í Torfdal á Flúðum, eftir að tæki og tól voru keypt frá Danmörku. Límtréd í verksmiðjuhúsið var framleitt í vélum fyrirtækisins á meðan þær voru enn í Danmörku þannig að segja má að vélar fyrirtækisins hafi framleitt húsnæðið utan um sig sjálfar. Fyrsta verk límtrésverksmiðjunnar á Flúðum var framleiðsla á skeifu sem var gjöf frá fyrirtækinu til hestamanna í uppsveitum og var sú skeifa reist við Murneyri.

Upphaflega var límtrésverksmiðjan í 2500m² húsnæði en eftir þrjár stækkanir er húsnæði verksmiðjunnar nú um 6000m² þar sem framleitt var um 1400m³ af límtré á síðasta ári. Á þeim 30 árum sem liðin eru hefur límtré sannað sig rækilega sem traust, umhverfisvænt, brunapolið og einstaklega endingargott byggingarefni við íslenskar aðstæður. Verksmiðjan hefur framleitt meira en hálfá milljón límtrésbita í þeim liðlega 20 þúsund verkefnum sem viðskiptavinir hafa beint til hennar. Þau eru því orðin ófá mannvirkin á Íslandi sem standa fyrir tilstuðlan límtrésbita frá Flúðum og þeim fjölgar stöðugt. Í fyrra framleiddi Límtré Vírnet íþróttahús á Höfn í Hornarfirði, Báruna, fyrsta bygging sinnar tegundar á Íslandi sem reist er úr límtré. Límtrésbitarnir sem smíðaðir voru í þetta verkefni voru um 32,5 metrar á lengd og íþróttahúsið yfir 4000m² að stærð. Var húsið upphaflega hannað sem stálgrindarhús en reyndist límtré vera hagkvæmari kostur í þetta verkefni. Einnig hefur Límtré Vírnet framleitt fjöldann allan af reiðhöllum undanfarin ár og má þar nefna reiðhallirnar á Kjávöllum í Kópavogi og Lækjamót í Víðidal sem eru báðar í byggingu um þessar mundir.

Sem dæmi um aðrar límtrésbyggingar má nefna Kringluna, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Ráðhúsið í Reykjavík, Borgarleikhúsið, Sundlaugina á Djúpavogi, fjölmargar kirkjur, landbúnaðarbyggingar, íbúðarhús og svo mætti lengi telja. Límtré Vírnet er stærsta fyrirtækið á Íslandi á sviði völsunar á klæðningarefnum og eini framleiðandi límtrés, yleininga og nagla, ásamt því að flytja inn mjög breitt úrval af byggingarvörum tengdum þeim verkefnum sem eru í gangi hverju sinni. Fyrirtækið er með gott dreifingarkerfi innan byggingariðnaðarins og selur vörur jafnt til endursöluaðila sem verktaka. Límtré Vírnet rekur þrjár verksmiðjur: í Borgarnesi, Reykholti og á Flúðum. Starfsmenn fyrirtækisins eru nú um 80 talsins og þar af starfa 10 við límtrésverksmiðjuna á Flúðum.

Afmælisfagnaður

Í tilefni þess að fyrir 30 árum hófst framleiðsla á límtré á Flúðum býður Límtré Vírnet til afmælisfagnaðar í límtrésverksmiðjunni nk. laugardag frá kl. 12.30 - 15.00. Þar verður hægt að fræðast um starfsemina, njóta veitinga og skemmtiatriða. Dagskránni verður hagað þannig að öll fjölskyldan ætti að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Ýmsir skemmtikraftar úr uppsveitum Árnessýslu stíga á stökk og má þar nefna systkinin Jón og Jóhönnu sem leika á píanó og fiðlu, Erlu og Ninnu sem spila og syngja, yngri barnakór Flúðaskóla og Karlakór Hreppamanna. Unglingadeild Björgunarfélags Eyvindar sér um þrautir og leiki fyrir börn og unglina. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Ragnheiður Elín Árnadóttir, flytur ávarp, sýnd verður stærsta límtréspessa landsins, stærsta sögin o.m.fl.

Afmælisfagnaðurinn verður eins og áður sagði laugardaginn 16. nóvember kl. 12.30 - 15.00

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

www.upplit.is –allir velkomnir





Afmælisfagnaður á Flúðum - þér er boðið!

Í tilefni þess að fyrir 30 árum hófst framleiðsla á límtré býður Límtré Virnet til afmælisfagnaðar. Opíð hús verður í límtrésværksmiðjunni á Flúðum laugardaginn 16. nóvember frá kl. 12.30 til 15.00. Þar er hægt að fræðast um starfseminna, njóta veitinga og skemmtiatriða. Unglingadeild Björgunarfélags Eyvindar sér um þrautir og leiki fyrir börn og unglínga.

Öll fjölskyldan er hjartanlega velkomin.

16. nóvember kl. 12.30 - 15.00